



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Haldinn 17. febrúar 2021 í húsnæði Þyts

Hófst 20:00

Slitið 22.30.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson (APS), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBÞ), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA).

Dagskrá

1. Skipta verkum í stjórn

- MP formaður, APS varaformaður, Hulda áfram gjaldkeri, MBÞ ritari.

2. SÍL Þing. Upplýsa um málið

- Formaður upplýsti um SÍL þing sem haldið verður síðasta sunnudag í febrúar. Fyrir hönd Þyts fara auk formanns, Ríkhartur og Tim

3. ÍBH Þing. Upplýsa um málið

- Formaður upplýsti um ÍBH þing í maí, þau eru haldin annað hvert ár. Formaður hefur setu í allsherjarnefnd. Rætt um úthlutun fjármagns til íþróttafélaga í bæjarstarfi.

4. Seturéttur, tillöguréttur, málfrelsi formanna deilda á stjórnarfundum.

- Ræddir voru kostir þess formenn deilda hafi seturétt á stjórnarfundum og hefur það reynst vel að mati fyrri stjórnarmanna. Með aðkomu þeirra verða boðleiðir styttri og auðvelt að afgreiða með skilvirkum þau verkefni sem þarf að sinna innan deilda.
 - Seturéttur samþykktur
- Umræða um að skipta út formanni kænudeildar. Formaður kænudeildar er nú stjórnarmaður í stjórn (Ríkhartur). Rætt um áhugasama aðila til að taka við þessu starfi. Formenn deilda halda utan um ástand báta og sjá til þess að verkefnum sé úthlutað með skilvirkum hætti og komist til framkvæmdar.

5. Kynna hugmynd um verkefnaskjal í Google docs

- Formaður kynnti kosti þess að nýta verkefnaskjal í Google docs til að halda utan um verkefni stjórnar. Hugmyndin er að strax á stjórnarfundum séu verkefni færð inni í skjalið og ábyrgðarmanni úthlutað. Þannig er og unnt að vinna jafnt og þétt að framgangi verkefna og yfirsýn verður betri. Reiknað er með að skjalið sé opið stjórn og formönnum deilda. Formenn deilda geta þá komið með verkefni inn á fundum og þeir er úthlutað í skjalið og fylgst með framgangi þeirra.
- Hugmynd samþykkt, formaður er að leggja lokahönd á uppsetningu og mun senda skjalið á stjórnarmeðlimi.

6. Endurskoða gjaldskrá Þyts

- Rætt um leiðir til fjáröflunar í fullorðins starfi. Ein hugmynd væri að leigja SH til að selja inná þjálfun á kayak.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- b. Hvaða leiðir eru hentugar varðandi mismunandi þarfir, fjölskyldustærð og notkun á aðstöðu. Kostur væri að ungir keppendur leggðu áherslu á að koma sér upp búnaði sem auðveldar íþróttaiðkun hvers, mismunandi leiðir færar t.d. að foreldrar fjárfesti í búnaði og hugsanlega er hægt að bjóða uppá að selja notaðan búnað til félagsins svo unnt sé að koma í almenna notkun og þátttakendur geti endurfjárfest.
- c. Námskeiðstekjur. Námskeið á vegum félagsins hafa notið vinsælda og eftirspurn er meiri en framboð. Námskeið hjá Þyti eru á góðu verði og hægt að er að auka framboð námskeiða til að mæta fleiri hópum, mismunandi hugmyndir útfærslur ræddar. Námskeiðið Hæfur háseti hefur gengið vel og notið mikilla vinsælda, fyrirhugað að bjóða aftur uppá það námskeið, bæði sem fjáröflun og einnig sem leið til að styrkja starf félagsins.

7. Stofna nefnd um kynningarefni fyrir komandi tímabil

- a. Byrjað að setja saman nefnd til að undirbúa kynningarefni fyrir vor og sumar. Hulda og Ríkharður eru nú þegar í nefndinni og Friðrik hefur boðið seig fram til þátttöku í nefndinni.

8. Dagskrá fyrir árið

- a. Komst ekki á dagskrá.

9. Hefja undirbúning fyrir sumarstarfið

- a. Komst ekki á dagskrá.

10. 6. bekkjar boð

- a. Undirbúningur hafinn, þarf að ræða nánar á næsta fundi.

11. Koma á tengslum við íþróttafélagið Fjörð og aðra aðila sem tengjast starfi við fatlaða

- a. Hugmyndir aðeins ræddar, en bíður frekari umfjöllunar á næstu fundum.

12. Fara yfir kostnaðaráætlunina

- a. Bíður næsta fundar

13. Þjálfaramál

- a. Bíður næsta fundar

14. Tilboð Gísla til klúbbsins um kaup á kayökunum hans.

- a. Mikil aðsókn hefur verið í kayakróður og æfingar, helsti vandinn er skortur á hentugum kayökum. Rætt var um möguleika á að kaupa fjóra notaða sjókayaka af Gísla, þessir kajakar henta byrjendum einkar vel og yngri notendum. Tveir kajakar eru nú þegar í pöntun hjá GG sport. Jón Kristinn formaður kayakdeildar er með nánar upplýsingar um þarfir deildarinnar og hentug næstu skref.
- b. Málið þarfnast frekari umfjöllunar.

15. Stofnun laganefndar

- a. Bíður næsta fundar



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

16. Upplýsa um stöðu gæslubátsins í viðgerð

- a. Bíður næsta fundar

17. Kynna hvað er að gerast í aðstöðunefndinni

- a. Bíður næsta fundar.

18. Önnur mál

- a. Leggja mikla áherslu á að halda vel utan um þjálfun gæslubáta, sérstaklega fyrir sumarstarfið.
- b. Skráning í hús, ræddar skilvirkari leiðir til að skrá þá sem koma í hús, t.d. með einföldum rafrænum lausnum. Einnig þarf að halda góða ská yfir notkun á bátum vegna tilkynningaskyldu og öryggis.

Boðað til næsta fundar 24.02.2021